




HVAÐ ER Á SEYÐI UM HELGINA?



Messur

Guðspjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 2. september 1984

ÁRBÆJARPRESTAKALL: Guðspjónusta í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 11.30 árdégis. Organleikari Krystyna Cortes. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

BREIÐHOLTSPRESTAKALL: Messa kl. 11.00 í Breiðholtsskóla. Sr. Lárus Halldórsson.

BÚSTADAKIRKJA: Guðspjónusta kl. 10.00. Organleikari Guðni P. Guðmundsson. Sr. Ólafur Skúlason.

DÓMKIRKJAN: Messa kl. 11.00. Dómkórinn syngur, organleikari Marteinn Hunger Friðriksson. Sr. Agnes Sigurðardóttir.

ELLIHEIMILÍÐ GRUND: Messa kl. 10.00. Sr. Lárus Halldórsson.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Barna- og fjölskylduguðspjónusta kl. 11.00. Skirn. Guðspjallið í myndum. Barnasálmur og smábarnasöngvar. Sunnudagspóstur handa börnunum. Afmælisbörn boðin sérstaklega velkomin. Við planóíð, Pavel Smíd. Sr. Gunnar Björnsson.

GRENSÁSKIRKJA: Guðspjónusta kl. 11.00. Organleikari Arni Arinbjarnarson. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11.00. Prestur sr. Ólafur Jóhannsson skólaprestur. Organisti Ólafur W. Finnsson. Altarísanga. Þriðjudagur, fyrirbænuðspjónusta kl. 10.30. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

LANDSPÍTALINN: Messa kl. 10.00. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

HÁTEIGSKIRKJA: Messa kl. 11.00. Sr. Arngrímur Jónsson.

KÓPAVOGSKIRKJA: Guðspjónusta fellur niður í kirkjunni n.k. sunnudag vegna þátttöku organista og kirkjukórs í söngmóti í Skálholti. Sóknarprestur.

LAUGARNESKIRKJA: Guðspjónusta kl. 2.00 í umsjá sr. Valgeirs Astráðssonar. Þriðjudagur, bænuðspjónusta kl. 18.00. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson.

NESSKIRKJA: Sunnudagur, guðspjónusta kl. 11.00 Orgel- og kórstjórn Reynir Jónsson. Guðmundur Óskar Ólafsson. Miðvikudagur, fyrirbænumessa kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson.

SELJASÖKN: Guðspjónusta verður í Ölduselskóla kl. 11.00. Fermingarguðspjónusta verður í Laugarneskirkju kl. 14.00. Fermdur verður Sigurður Ingi Pálsson, Tunguseli 3, P.T. Freiburg, Þýskalandi. Fimmtudagur 6. september verður fyrirbænumessa í Tindaseli 3, kl. 20.30. Sóknarprestur.

EYRARBAKKAKIRKJA: Messa kl. 2.00. Sr. Lárus Halldórsson messar. Sóknarprestur.

Sýningar

Málverkasýning í Prastarlundi

Arni Guðmundsson, Selfossi, sýnir um þessar mundir nokkrar vatnslita- og olíumyndir í veitingaskálanum Prastarlundi. Þetta er önnur einkasýning Arna en fyrstu sýningu sína hélt hann vorið 1982 í Safnahúsinu á Selfossi. Sýningin er opin á afgreiðslutíma skálans og henni lýkur sunnudaginn 16. september.



Sýningarlok hjá Hreggviði og Páli í Listamiðstöðinni

Nú stendur yfir sýning á verkum Hreggviðs Hermannssonar og Páls S. Pálssonar í sal Listamiðstöðvarinnar á Lækjartorgi. Á sýningunni eru um 50 verk — pennateikningar, vatnslitamyndir og olíumyndir og eru öll verkin til sölu.

Sýningin stendur til 2. september og er opin daglega frá kl. 13–19 og um helgar frá 13–22. Á myndinni sést Hreggviður við tvö verka sinna.




Eitt veggspjaldanna sem er á sýningu Ágústu Ágústsson í Ásmundarsal.

„Bréf til Íslands“ í Ásmundarsal

„Bréf til Íslands“ nefnist sýning sem opnuð verður í Ásmundarsal við Freyjugötu á morgun, laugardag. Þar sýnir Ágústa Ágústsson tuttugu pastelmyndir af íslensku landslagi, en hún hefur unnið að gerð landslagsmynda vestur í Bandaríkjunum sl. átta ár með mismunandi efnum s.s. olíu, textíl og pastel. Ágústa er fædd í Reykjavík, en hefur verið búsett í Bandaríkjunum um árabil.

Á sýningunni verða einnig fjórtán veggspjöld (plaköt) sem hún hefur gert fyrir fyrirtæki og stofnanir vestur þar. Fyrir nokkur þessara veggspjalda hefur hún hlotið verðlaun og viðurkenningar t.d. frá „Art Director's Club of Boston“ og önnur hafa birst á prenti t.d. í „Graphis Posters Annual“, „Best in Covers and Posters“ og „Print Casebooks V.“ Sýningin sem stendur til 10. september, verður opin virka daga frá kl. 16:00–22:00 og frá kl. 14:00–22:00 um helgar.



Þremmingarnir sem sýna í Listasafni ASÍ við eitt verkanna á sýningunni.

DV-mynd Bj. Bj.

„EXSEPT-HÓPURINN“ SÝNIR Í LISTASAFNI ALÞÝÐU

„Exsept“ nefnist hópur sem opnar sem sýnir grafik, Óli G. Jóhannsson sýningahóps fyrir ári í þeim tilgangi að sýningu í Listasafni ASÍ við Grensás- sem sýnir akrilverk og grafik og efna til sýninga. veg á morgun, laugardaginn 1. Kristinn G. Jóhannsson en hann sýnir Listamennirnir sem nú sýna í Listasafni ASÍ eru afar ólíkir en hafa það markmið að koma verkum sínum á framfæri með samsýningum sem þessari.

Peir sem taka þátt í sýningunni að þessu sinni eru Guðmundur Ármann, olíumálverk og teikningar. Á sýningunni eru um 60 verk þeirra þremminga sem stofnuðu til þessa þessari.

Stefnumót glervina að Kjarvalsstöðum

Stefnumót glervina nefnist sýning sem mun prýða vesturgang Kjarvalsstaða 1.–16. september.

Það eru íslensku glerlistamennirnir Søren S. Larsen og Sigrún O. Einarisdóttir og dönsku glerlistamennirnir Tchai Munch og Finn Lynggaard sem sýna saman listaverk úr gleri.

Finn Lynggaard var fyrstur til að koma á fót litlu glerverkstæði í Danmörku og rekur hann nú verkstæði í Ebeltoft á Jótlandi, ásamt Tchai

Munch. Hann hefur skrifað allmargar kennslubækur, bæði um keramik og gler.

Dönsku listamennirnir koma til landsins í tilefni sýningarinnar, og mun Finn Lynggaard halda fyrirlestur, sem hann kallar: „Strömmingur í moderne glaskunst“, á Kjarvalsstöðum fimmtudaginn 6. september.

Ennfremur munu þau blása gler fyrir opnum dyrum í glerverkstæðinu í Bergvík á Kjalarnesi sunnudaginn 9. september, þar sem allir eru velkomin.



Danski glerlistamaðurinn Tchai Munch, en hún er ein fjögurra glerlistamanna sem sýna listaverk úr gleri á Kjarvalsstöðum.